

inginn 30. jan. 1943 um efni hans. Skulu bæði hann og þeir spurðir um þetta atriði.

III. Leitað skal upplýsinga um það, hvenær forráðamönnum Jökuls varð fyrst kunnugt um það, eftir 30. janúar 1943, að stefndi greiddi fyrir skipavinnu kr. 1.75 um klst., eða sama og fyrir almenna verkamannavinnu, hvenær fyrst var að því fundið af þeirra hálfu við stefnda, og hvers vegna verklyðsfélagið hófst ekki handa með málshöfðun þessa fyrr en 12. apríl 1944, eða meir en ári síðar en formaður þess kveðst hafa að þessu fundið við stefnda.

IV. Einnig skal aflað skýrslu um það, hvort lækkun sú, sem stefndi telur að hafi orðið á útskipunargjöldum hraðfrystihússins, úr kr. 2.00 í kr. 1.50 fyrir kassa, hafi orðið strax eftir 30. jan. 1943, og hvort hún hafi náð til annarrar vöru, svo sem uppskipunar fyrir hraðfrystihúsið og út- og uppskipunar fyrir aðra en það.

V. Annarra þeirra gagna, er framantaldar skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Framan talinna gagna ber að afla svo fljótt sem kostur er.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 12/1944. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar
(Eggert Claessen hrl.).

Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður í stað
Ragnars Ólafssonar hrl.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, með stefnu, dags. 15. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar gegn Útvegsmannafélagi Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar til

greiðslu á orlofsfé. Það var þingfest 10. okt. f. á. og lauk gagnasöfnun í því 30. jan. þ. á. Með lögum nr. 29/1945 frá 12. febrúar s. l., er gildi tóku þann dag, er 19. gr. orlofslaganna breytt á þá lund, að mál, sem rísa út af réttindum eða skyldum samkvæmt orlofslögum nr. 16/1943, skuli sæta almennri meðferð einkamála, ef eigi sé öðruvísi ákveðið í lögnum, en áður skyldu slík mál dæmd af félagsdómi.

Er mál þetta kom til munnlegs flutnings, 22. þ. m., krafðist stefndi þess, að því yrði vísað frá félagsdómi og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Studdi hann kröfu sína þeim rökum, að eigi væri í lögum nr. 29/1945 gert ráð fyrir neinni undantekningu frá því, að orlofsmál öll væru tekin undan dómsvaldi félagsdóms, og þá einnig þetta mál, þannig að félagsdómi væri eigi heimilt að leggja dóm á málið.

Stefnandi mótmælti frávisunarkröfu stefnda og var þetta ágreiningsatriði tekið til úrskurðar eða dóms 22. þ. m. eftir munnlegan málflutning um kröfuna.

Það er að vísu svo, að eigi er neitt tekið fram um það í lögum nr. 29/1945, að mál, sem þingfest hafi verið fyrir félagsdómi fyrir gildistöku nefndra laga, skuli dæmd þar. En með tilliti til allra þeirra dómsathafna, sem þegar hafa fram farið í máli þessu og áður er lýst, svo og með hliðsjón af ákvæðum 2. málsg. 222. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, þykir þó óeðlilegt að skýra nefnd lög nr. 29/1945 öðruvísi en svo, að félagsdómur hafi heimild til að ljúka máli því, er hér liggur fyrir, með því að láta fram fara munnlegan málflutning og kveða upp í því efnisdóm. Þykir því bera að hrinda kröfu stefnda um vísun þess frá félagsdómi, svo og kröfu hans um málskostnað.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um vísun máls þessa frá félagsdómi verður ekki tekin til greina.